

Minnisblað

Til: Atvinnuveganefndar Alþingis

Frá: Ríkisskattstjóra

Minnisblað þetta er sett saman að beiðni atvinnuveganefndar Alþingis í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum, sbr. mál nr. 618, þskj. nr. 1020. Fulltrúar ríkisskattstjóra komu á fund atvinnuveganefndar hinn 27. apríl.

Í 4. gr. laga nr. 43/1999 er kveðið á um skilyrði fyrir endurgreiðslu á hluta á framleiðslukostnaði við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Í 1. mgr. ákvæðisins sem skiptist í staflíði a.-j. eru þessi skilyrði nánar rakin. Atvinnuveganefnd óskaði eftir álitum ríkisskattstjóra á tveimur af þessum skilyrðum.

1. c. liður 4. gr. laga nr. 43/1999

Þetta ákvæði kveður á um það að stofna skuli sérstakt félag um framleiðslu á kvikmynda- eða sjónvarpsefni á Íslandi. Ríkisskattstjóri telur að stofnun sérstaks félags um hvert einstakt verkefni sem um ræðir þurfi ekki að skipta sköpum í þessu samhengi. Á hinn bóginn væri rétt að gera þá kröfu að bókhald og uppgjör væri aðgreint eftir verkefnum þannig að hægt væri að sjá nákvæmlega hvaða kostnaður tilheyrði hverju þeirra. Rétt er að taka fram að jafnvel kann að upplýsingagjöf til skattfyrivalda kann að verða einfaldari með þessu móti þar sem félagi hefur þá ekki verið slitið innan almanaksársins, áður en að venjubundinni upplýsingagjöf kemur. Ætti því engin tormeðing að vera á því að skila inn þeim gögnum sem skylt er.

2. j-liður 4. gr. laga nr. 43/1999

Í j. lið umrædds ákvæðis er kveðið á um að fullnægja þurfi því skilyrði að ekki séu fyrir hendi vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga eða aðrar vangoldnar kröfur hér á landi vegna framleiðslunnar.

Frá sjónarhóli skattfyrivalda er mikilvægt að gögnum um staðgreiðslu opinberra gjalda sé skilað þar sem þar koma fram upplýsingar um tekjur þeirra sem koma að umræddum verkefnum. Er bæði átt við innlenda og erlenda starfsmenn og verktaka sem koma að tókum. Erlendir leikarar sem koma hingað til að leika í tilteknu verki eru skattskyldir hér á landi og skiptir þá ekki máli hvort Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við það ríki sem þeir eru heimilisfastir í, með þeirri undantekningu að þeir sem eru heimilisfastir í Bandaríkjunum og fá lægri fjárhæð greidda en sem nemur \$20.000 skulu greiða skatt í Bandaríkjunum. Ef ekki er skilað inn skilagreinum vegna greiðslna til þessara aðila myndast ekki skattkrafa og því auðvelt að fara fram hjá núgildandi ákvæði. Því er mikilvægt að þau fyrirtæki sem óska eftir endurgreiðslu, og erlendir leikarar koma að verkefninu hér á landi, leggi fram staðfestingu frá ríkisskattstjóra um að gerð hafi verið grein fyrir launum til þessara aðila og staðgreiðslu hafi verið skilað í ríkissjóð. Erlendir verktakar sem koma að verkefninu og sinna verkefnum fyrir "aftan myndavélina" geta í flestum tilvikum sótt um undanþágu frá skattgreiðslum hér á landi en sótt er sérstaklega um það til ríkisskattstjóra og fá þeir stimplaða undanþágu því til staðfestingar.

Með hliðsjón af framangreindu gerir ríkisskattstjóri þá tillögu að j. lið 4. gr. umræddra laga verði breytt, t.d. með eftirfarandi hætti:

*j. að ekki séu fyrir hendi vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga eða aðrar vangoldnar kröfur hér á landi vegna framleiðslunnar. **Leggja skal fram upplýsingar um greidda staðgreiðslu og eftir atvikum gögn um undanþágu frá skattskyldu hér á landi.***